

Umhverfisstofnun
Áb. _____
25. sep. 2015
Tilv. _____

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



Reykjavík 22. september 2015  
UST201509-120/B.S.  
09.07.01

## Efni: Framkvæmdir við Ósland. Leyfi

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi Sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 16. september 2015, vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan fólkvangsins Óslands.

**Lýsing framkvæmdar:** Um er að ræða annars vegar lagningu fráveitulagnar í gegnum Ósland og hins vegar vegagerð þar sem aðkomu að fólkvanginum verður breytt.

### Áhrifamat:

Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 7. gr. auglýsingar um fólkvanginn, nr. 264/2011.

Umhverfisstofnun telur framkvæmdina vera í samræmi við samþykkt skipulag sem Umhverfisstofnun hefur þega gefið umsagnir um. Frárennislögn verður grafin niður og í fjöru lögð samsíða dælulögn frá höfninni. Við fyrirhugaða vegagerð mun akvegur inna fólkvangsins stytast og ummerki um aflagðan hluta vegarins verða afmáð. Raflagnir liggja nú í fyrirhuguðu vegstæði.

### Skilyrði


Umhverfisstofnun metur í hvert sinn hvort framkvæmdir kalla á að veitt sé sérstakt leyfi á friðlýstum svæðum. Er þá metið hvort þær kalla á breytingu svæðis af einhverju tagi, jarðrask, truflun á dýralífi eða mannvirkjagerð, sbr. og friðlýsingarskilmála viðkomandi svæðis.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir vegagerð og langingu frárennislagnar innan fólkvangsins Óslands að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Ráðist verði í framkvæmdina utan varptíma.
- Öllum frágangi verði lokið áður en fuglar setjast upp að vori.

### Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 525/2015 kr 11.900 pr klst. Reynt verður að annast þetta eftirlit samfara öðrum erindum til að draga úr kostnaði.

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Sigríður Kristjánsdóttir  
Sviðsstjóri